

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 148/2016

2018/EES/16/15

frá 8. júlí 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/266 frá 7. desember 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 440/2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni, í því skyni að laga hana að tækniframförum (efnareglurnar (REACH)) ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zza (reglugerð ráðsins (EB) nr. 440/2008) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32016 R 0266:** Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/266 frá 7. desember 2015 (Stjúd. ESB L 54, 1.3.2016, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/266, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

⁽¹⁾ Stjúd. ESB L 54, 1.3.2016, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.